

„Um hjarta okkar þvert er hrælduð víglínan dregin“*

» Árni Bergmann, *Glíman við Guð*. Reykjavík 2008. Bjartur. 231 bls.

Bók Árna Bergmanns fjallar um það að trúa á Guð eða trúa ekki á hann, hvað felst í því, hvaða afleiðingar það hefur og hvernig trúin — og einnig trúleysið — tengist mannlegri tilveru á margvíslegan hátt. Er skemmst frá því að segja að hún er af ýmsum ástæðum mjög áhugaverð. Í fyrsta lagi er höfundur vel máli farinn og skrifar kjarnyrktan en um leið aðgengilegan stíl, hann er nálægur lesanda og í samtali við hann. Í öðru lagi kemur hann inn á það helsta sem mælir með og gegn guðstrú og þótt hér sé vitnað í fjöldamörg rit, eftir guðfræðinga, heimspekinga, rithöfunda og skáld, er það ekki gert á yfirborðslegan hátt, heldur er vitnað til þeirra eftir því sem við á hverju sinni. Í þriðja lagi ræðir höfundur þessi mál á persónulegan hátt. Það er til dæmis mjög snjallt hvernig hann rammur bókina inn með frásögn í upphafi af eigin trúarlegu uppeldi í æsku og í lokin með sögunni af tengdamóður sinni, rússneskri gyðingakonu sem fjölskyldan hélt með gyðinglega páska í elli hennar á Íslandi. Um æskuárin segir höfundur:

Móðir mín kenndi mér bænir og vers, amma og afi leiddu mig með sér til kirkju, það segir sig sjálft að allt hið illa hverfur frá litlum dreng sem hefur svo ágætt föruneysi. Hann treystir öllum. Hann þarf engu að kvíða. (16)

* Ljóð XXV í bókinni *Hendur og orð* eftir Sigfús Daðason.

Bókin skiptist í fimm hluta og er sá fyrsti stuttur inngangur sem nefnist Gengið til leiks, síðan kemur Saga af tveim bræðrum, þriðji hluti nefnist Að ganga af trú, sá fjórði Kemur Guð aftur? og lokakafli inn er Af sjálfum mér. Hver hluti skiptist svo í ýmsa kafla. Þannig er á skipulegan hátt rætt um það helsta sem ber á góma þegar hugsað er og rætt um trúmál. Það kemur eins og af sjálfu sér að vangaveltur um trúmál leiða höfund áfram að mikilvægum spurningum um þjóðfélagsmál, um réttlæti og jöfnuð, um skiptingu veraldlegra gæða, umræða sem er sem betur fer á allt öðru og hærra plani en pólitískt dægurþras. Óvenjufjölbreytt lífsreynsla höfundar, t.d. að hafa numið og búið í Sovétríkjunum, svo og kynni hans af fólki sem ólst upp við allt önnur kjör en við þekkjum hér á landi, gefa viðhorfum hans og sjónarmiðum aukna djúpt og vægi.

Ýmislegt er þó hægt að hafa á móti þessari bók meðan á lestri hennar stendur. Höfundur varpar fram alls kyns hugmyndum og rökræðir við lesandann sem hlýtur að vekja ýmiss konar andmæli hjá þeim síðarnefnda. Það skemmtilega við bókina er hins vegar, að minnsta kosti hvað undirritaða varðar, að höfundur kemur yfirleitt fyrir eða síðar til móts við þessi andmæli, nefnir þau og viðurkennir. Ég játa til dæmis að hafa á tímabili verið farin að hugsa um að þetta væri bók um það hvernig karlmenn hugsa um trúmál, ekki konur. En við þessu sér höfundur með ýmsu móti. Bókin er tileinkuð konu hans, Lenu, sem lést árið 2008, með þessum orðum: „Í minningu Lenu sem með glettnum, gagnrýnum og hlýjum áhuga fylgdist með því hvernig þessi bók varð til.“ Hann segir einnig: „Lengst af höfðu karlar orðið í samfélögum trúaðra og þeir töldu sig komast að því að konan væri einhver skæðasti keppinatur Guðs“ (47). Reyndar fannst mér þessi kafli um keppnina milli Guðs og „sætleika kvenholdsins“ dálítið gamaldags og úreltur en inn á breytt viðhorf til þessara mála kemur höfundur áður en yfir lýkur (á bls. 96 segir t.d. „það hefur dregið mjög úr því að kristnar kirkjur tengi syndina og þar með afbrot gegn Guði einna helst við ástir í meinum og kynlíf“). Þá má nefna að höfundur vitnar oft til konu sem er guðfræðingur og fyrrverandi nunna að nafni Karen Armstrong.

Enn eitt sem hægt væri að hafa á móti þessari bók eru persónurnar Einar og Sveinn og þeirra karp. Þeir eiga að vísu sinn þátt í því að umræðan verður á hversdagslegu plani og ekki háfleygar hugsmiðar í fílabesturni. En jafnvel þótt höfundur reyni að rissa upp ákveðna

persónulýsingu finnst mér það ekki takast nægilega vel til þess að lesandinn hafi beint áhuga á skoðunum þeirra frænda. Það er helst þegar Einar er orðinn alvarlega veikur og liggur fyrir dauðanum á sjúkrahúsi að maður fær svolítið meiri áhuga á viðhorfum hans og líðan.

Enn ein mótbáran sem ég fann fyrir meðan á lestri bókarinnar stóð var þessi: Undir titlinum *Glíman við Guð* fara fram rökræður um trúmál eins og unglingar og annað hugsandi fólk stundar af miklu kappi en það er ekki glíman við Guð. Því að hún fer fram innra með manni og er miklu persónulegri, dýpri og mikilvægari en karp um hugmyndir og trúarsetningar. En við þessu sér höfundur líka því að síðasti hluti bókarinnar er mun persónulegri. Þegar þar er komið sögu er hann staddur í klaustri í Þýskalandi og fæst þar við skriftir. Í þessum kafla finnst mér hann komast miklu nær því hvað trú snýst raunverulega um, innri afstöðu, bænalíf en einnig samfélag við náungann. Hér kemur hann inn á kristna dulhyggju og segir: „Í dulhyggjuhefðinni var Guð ekki lengur ‘þarna uppi’ heldur hluti af innri veruleika sem menn skynja í djúpri reynslu og er tungunni í raun og veru ofviða, kannski er best að segja sem fæst um Guð“ (163). Í þessari setningu kemur reyndar líka vel fram hvernig hann tvinnar oft saman hugmyndir og skoðanir annarra og tileinkar sér þær eða tekur til þeirra afstöðu.

Það auðgar bókina mjög mikið að höfundur er ekki aðeins vel að sér um guðfræðilegar og heimspekilegar kenningar af ýmsu tagi, heldur er hann líka bókmenntamaður sem þekkir út og inn höfunda sem sannarlega hafa glímt við Guð, svo sem Dostojevskí, Halldór Laxness í Vefar-
anum mikla frá Kasmír, Goethe í Faust og marga fleira. Þar að auki samdi Árni sjálfur mjög áhugaverða sögulega skáldsögu um Þorvald víðförla og persónulega baráttu hans við ólíkar trúarhugmyndir og skoðanir, eins og höfundur segir sjálfur; beinlínis um glímu hans við Guð. Þá fléttar hann inn tilvitnunum í ljóð frá ýmsum tímum, svo og Biblíuna. Allar þessar vísanir fram og til baka virka þó aldrei eins og þær séu til þess að sýnast, heldur eiga þær vel við hverju sinni og láta líka stundum lítið yfir sér, t.d. þegar segir: „Regn í Dónárdalnum og haustlaufin falla hikandi til jarðar. Hver telur þau?“ Hér er ekki minnst á Rilke og kvæði hans um haustið (titill þess er *Herbst*) og ég þori ekki að fullyrða að höfundur hafi það í huga en alla vega vekur þetta hjá mér minningu um lokaorð ljóðsins um fallandi laufblöð: „Und doch ist Einer, welcher dieses Fallen unendlich sanft in seinen Händen hält.“

Tvívegis er í bókinni vitnað til þekktra orða úr ljóði Sigfúsar Daðasonar: „Um hjarta okkar þvert er hrælduð víglínan dregin / en orrustan geisar í heitu höfði okkar.“ Í lok bókar segir:

Trúarlegi þátturinn minnir þann pólitíska rækilega á það að átök milli sérgæsku og samstöðu, réttlætis og ranglætis, eiga sér ekki öll stað milli stétta, hreyfinga, einstaklinga, heldur er víglínan dregin þvert um hjörtu okkar sjálfra. (225)

Einhverjum kann að þykja það galli á bókinni að höfundur tekur sér stöðu bæði með og á móti, hann stillir upp hugmyndum, veltir þeim fyrir sér, ræðir kosti þeirra og galla, en víst er að hann reynir ekki að þröngva sínum skoðunum upp á lesandann. Það þykir mér tvímælalaust vera mikill kostur við framsetningu höfundar og gera bókina mjög læsilega og áhugaverða, því að það opnar fyrir samræður og önnur viðhorf. Höfundur veit þetta vel sjálfur og vitnar í lokin í hina gyðinglegu hefð að rökræða og jafnvel deila við Guð sjálfan. Það verður heldur ekki sagt að höfundur sé skoðanalaus, langt í frá. Hann kemur heiðarlega fram, ekki síst í uppgjöri sínu í lokin. Þetta er bók sem er gott að lesa og óhætt að mæla með. Meðan á lestri hennar stóð komu mér í hug ýmsir sem ég þekki, ungir og aldnir, sem að mínu mati þyrftu og hefðu gaman og gagn af að lesa *Glímuna við Guð*.

UM HÖFUNDA

Clarence E. Glad er sérfræðingur í nýjatestamentisfræðum. Hann er sjálfstætt starfandi fræðimaður við Reykjavíkurakademíuna og stundakennari við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Hann kennir einnig heimspeki- og trúarbragðasögu við Menntaskólann við Sund.

Guðrún Edda Káradóttir er BA í guðfræði og bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og hefur kennsluréttindi frá sama skóla.

Gunnar Kristjánsson er sérfræðingur í trúfræði. Hann er sóknarprestur í Reynivallaprestakalli og prófastur Kjalarnessprófastsdæmis.

Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir er BA í frönsku og uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands, djákni og stundar framhaldsnám í kennslufræðum og heimspeki við Háskóla Íslands.

Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir er BA í guðfræði frá Háskóla Íslands, djákni og stundar framhaldsnám í kennslufræðum og heimspeki við Háskóla Íslands.

Jón G. Friðjónsson er sérfræðingur í íslenskri og almennri málfræði. Hann er prófessor í íslenskri málfræði við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

Kristinn Ólason er sérfræðingur í gamlatestamentisfræðum. Hann er rektor Skálholtsskóla og stundakennari við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

Margrét Eggertsdóttir er sérfræðingur í íslenskum bókmenntum og rannsóknarprófessor á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

UM HÖFUNDA

Sigurður Sigurðarson er með meistarapróf í guðfræði frá Princeton Theological Seminary í Bandaríkjunum. Hann er biskup Skálholtsstiftis.

Sigurjón Árni Eyjólfsson er sérfræðingur í trúfræði. Hann er héraðsprestur í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra og stundakennari við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

Stefán Einar Stefánsson er guðfræðingur frá Háskóla Íslands og MA í viðskiptasiðfræði frá sama skóla. Hann starfar sem siðfræðingur við Háskólann í Reykjavík og sérfræðingur við Epikos, miðstöð Íslands um samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Þjóðkirkjan og Lýðræðið

Málþing í Skálholti 23.–24. ágúst 2009

Dagskrá

SUNNUDAGUR 23. ÁGÚST

15:00 Mæting og kaffi í Skálholtsskóla

15:30 Málþingið sett í Skálholtsdómkirkju

1. Sigurður Sigurðarson, biskup Skálholtsstiftis, býður fólk velkomið
2. Þorsteinn Pálsson, ritstjóri og fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra: Þjóðkirkjan og lýðræðið
3. Ásbjörn Jónsson, lögfræðingur og kirkjuþingsmaður, setur þingið.

16:30 **Staða þjóðkirkjunnar**

Fundarstjóri: Dagný Halla Tómasdóttir, formaður ÆSKR og kirkjuþingskona

1. Pétur Pétursson, prófessor og fyrrverandi kirkjuþingsmaður: Þjóðin og þjóðkirkjan
2. Pétur Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómari og forseti kirkjuþings: Tengsl ríkis og kirkju og valdheimildir kirkjunnar

18:30 Matur

19:30 **Staða þjóðkirkjunnar (framhald):**

3. Halla Jónsdóttir, kennari og fyrrverandi starfsmaður á biskupsstofu: Lýðræði og framtíðin í kirkjunni

20:30 **Frá mínum kirkjudyrum séð**

Fundarstjóri: Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur og kirkjuþingskona

1. Harald Haggstad, prófessor í kennimannlegri guðfræði við Menighetsfakultetet í Ósló: Church of Norway from state church to democratic folk church—perspectives from an ongoing process
2. Dr. Thies Gundlach, stjórnandi í endurskoðun á skipulagi evangelísku þýsku kirkjunnar: Democratic reformation process in the German Evangelical Churches.

22:30 Kvöldkaffi og frekari umræður í setustofu

MÁNUDAGUR 24. ÁGÚST

08:00 Morgunverður

09:00 Morguntíðir

09:30 Stjórn þjóðkirkjunnar

Fundarstjóri: Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur og kirkjuþingskona

1. Gunnar Kristjánsson prófastur: Arfur siðbótarinnar í ljósi líðandi stundar.
2. Hulda Guðmundsdóttir, djákni og kirkjuþingskona: Er „kerfið“ lýðræðislegt? Lögin og starfsreglurnar
3. Skúli S. Ólafsson sóknarprestur: Hvers konar leiðtogar?

12:30 Matur

13:30 Frá mínum kirkjudyrum séð

Fundarstjóri Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, prestur og starfsmaður á biskupsstofu

1. Stefán Einar Stefánsson guðfræðingur: Samfélagið vaknar: Lýðræðisbyltingin og kirkjan
2. Guðbjörg Jóhannesdóttir prestur: Samstarfsvandi á kirkju- legum vettvangi — hvað er til ráða?

14:00 Starfshættir þjóðkirkjunnar

Fundarstjóri: Solveig Lára Guðmundsdóttir sóknarprestur

1. Svanur Kristjánsson prófessor: Kirkjan og lýðræðishefðin
2. Ásdís Emilsdóttir Petersen viðskiptafræðingur: Hæfileikar presta og árangur í starfi
3. Kristinn Ólason, rektor í Skálholti: Kirkja á krossgötum. Nýjar áherslur í starfsháttum þjóðkirkjunnar

17:00 Kaffi

17:30 Frá mínum kirkjudyrum séð: Fundarstjóri Jón Helgi Þórarinnsson, sóknarprestur og kirkjuþingsmaður

1. Lára Oddsdóttir sóknarprestur: Kirkjan í dreifbýlinu
2. Sigurjón Pétursson, framkvæmdastjóri og formaður sóknarnefndar Hafnarfjarðarkirkju: Kirkjan sem samfélag: Fólkið í kirkjunni

18:30 Hátíðarkvöldverður

Nánari upplýsingar á www.skalholt.is.

Skráning í síma 486-8870 eða rektor@skalholt.is.